

Öryggisleiðbeiningar

1. Verslunarheiti efnis - innflytjandi/framleiðandi

GEARTEX EP-A 80W

Vörunúmer:

04928, 04929, 04930, 04931, 04932

Oliuverslun Íslands hf.

Eldsneytis- og smuroliudeild

Héðinsgötu 10

105 Reykjavík

Sími: 515 1000 Bréfsími: 515 1010

Eitrunarupplýsingamiðstöð Sjúkrahúss Reykjavíkur veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 525 11 11

2. Samsetning - upplýsingar um innihald

Efni:	EINECS-nr.	CAS-nr.	magn (P %)	Varnaðar- merki	H.-setn. nr.	Mengunarmörk í lofti á vinnustað meðaltal mg/m ³
parafínísk jarðolia	265-157-1	64742-54-7	95-99	-	-	2
bætiefni (e. additívar)	-	-	3-10	-	-	-

3. Varúðarupplýsingar

Innöndun efnisins getur ert öndunarfæri, valdið þreytu, velgju og sljóleika. Snerting við augu veldur lítills háttar ertingu. Þrálát eða ítrekuð snerting affitar húðina og getur valdið útbrotum. Inntaka getur valdið sams konar kvillum og innöndun.

4. Skyndihjálp

Almennt:	Ef grunur er um heilsutjón eða krankleika leitið þá strax til læknis. Hafið þessar leiðbeiningar meðferðis.
Snerting við húð:	Fjarlægjið menguð föt. Þvoið með sápu og miklu af vatni. Leitið læknis ef hinn slasaði ber sig illa.
Slettur í augu:	Skolið augun með miklu vatni í a.m.k. 15 mín., hafið augun opin á meðan. Leitið til læknis.
Innöndun:	Færið sjúkling undir ferskt loft. Beitið blástursaðferð/gefið súrefni ef hann er í andnað. Leitið til læknis ef hann ber sig illa.
Inntaka:	Komið þeim slasaða undir læknishendur. Reynið ekki að framkalla uppköst. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

5. Bruni - aðferðir við slökkvistarf

Viðeigandi slökkviefni:

vatnsúði, froða, duft eða kolsýra.

Notið ekki kraftmiklar brunaslöngur við slökkvistarf. Notið fersklöftsgrímur og heilgalla við slökkvistarf. Kælið birgðir af efninu með vatni. Við bruna losna eittraðar gufur frá efninu (einkum kolmónoxíð). Hindrið að afrennsli slökkviefna berist í niðurföll.

6. Efnaleki

Haldið fólki fjarri. Notið viðeigandi persónuhlífar. Notið isogsefni s.s. sand eða kisilgur til að þrifa efnið upp. Efnið má ekki komast í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Leitið til slökkviliðsins ef leki er mikill. Gerið varúðarráðstafanir vegna eldhættu.

7. Meðhöndlun og geymsla

Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tilkast við meðhöndlun hættulegra efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Reykingar bannaðar. Geymið í vel luktum umbúðum. Geymið fjarri sterkum oxurum.

8. Eftirlit með mengun - persónuhlífar

Haldið loftmengun neðan við 2 mg/m³ (meðaltal) á vinnustað.

Til hlífðar öndunarfarum: óþarft við tilætlaða notkun.

Til hlífðar höndum: efnaþolnir hanskar.

Til hlífðar augum: gleraugu eða andlitshlíf. Hafið augnskol á visum stað.

Notið viðeigandi vinnugalla og haldið honum aðskildum frá öðrum fatnaði.

Þvoið ykkur um hendur áður en hlé verður á vinnu (hvíldar- og matartimar).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Útlit:	vökvi	Mælt skv.
Litur:	glær	
Lykt:	dauf olíulykt	
Lægsta suðumark:	-	
Bræðslumark:	-	
Eðlisþyngd:	0,889 g/cm ³ við 15 °C	
Gufuþrýstingur:	-	
Gufumassi (Vap. dens.):	-	
Seigja:	82,1 mm ² /s við 40 °C	
n-oktanól/vatns fasti:	-	
Leysni í vatni:	afleit	
Blossamark:	220 °C	COC
Íkveikjumark:	-	

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Efnið er stöðugt við tilætlaða notkun. Forðist háan hita og oxara. Við hitaaðskilnað losna koloxíð, aldehyð, fosfór og ketonar úr efniinu.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar

Innöndun:	Mikil mengun getur ert öndunarfæri og getur valdið velgju, þreytu, höfuðverk og slappleika.
Snerting við húð:	Veldur lítills háttar ertingu. Þrálát snerting getur valdið útbrotum.
Snerting við augu:	Veldur lítills háttar ertingu.
Inntaka:	Talið hættulaust í litlum mæli. Mikið magn getur valdið velgju og niðurgangi.

12. Hættur gagnvart umhverfinu

Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg. Efnið getur mengað grunnvatn. Efnið er ekki talið valda varanlegu tjóni á lífríki vatnsins. Efnið myndar brák á vötnum sem hamla sùrefnisskiptum vatns og lofts.

13. Förgun

Úrgang af efniinu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft. Efnið má brenna í efnabrennslu ef yfirvöld heimila.

14. Flutningur

Ekki þarf að merkja efnið vegna flutnings.

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Efnið er ekki merkingarskylt, hvorki samkvæmt íslenskum né EES reglum, en lagt er til að eftirfarandi viðvörðun sé höfð í heiðri.

Varúðarsetningar:

V2	Geymist þar sem börn ná ekki til.
V23	Varist innöndun gufu/úða.
V24	Varist snertingu við húð.
V62	Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.



Þessar leiðbeiningar eru byggðar á eftirfarandi reglum:

498/1996	Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.
401/1989	Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

16. Aðrar upplýsingar

Þessar upplýsingar eru gefnar samkvæmt tiltækum upplýsingum frá hráefnaframleiðanda. Þær eru settar fram skv. fyrirmælum Vinnueftirlits Ríkisins og í samræmi við íslenskar reglugerðir. Í sumum tilvikum ná íslenskar reglugerðir ekki yfir efnispætti og var þá fylgt upplýsingum frá framleiðanda. Þessar leiðbeiningar voru þýddar og staðfestar af Sigurði Ásbjörnssyni fyrir innflytjanda.

Líðir sem hafa breyst frá fyrri útgáfu eru með krossmarki efst í hægra horni.

" - " Þýðir að upplýsingar eru ekki tiltækar eða að viðkomandi líður eigi ekki við.